



GUÐRÚN Í HOFI Guðrún Gunnarsdóttir heldur tónleika í Hofi á Akureyri til heiðurs Elly Vilhjálms á laugardag. Elly hefði orðið 75 ára í desember síðastliðnum. Á afmælisdeginum í desember hélt Guðrún tvönnu tónleika í Salnum í Kópavogi aðra í janúar og nú er komið að Norðurlandi. Guðrún gaf út plötu árið 2003 með upptöku af tónleikunum „Óður til Ellyjar“ og hlaut sú útgáfa meðal annars Íslensku tónlistarverðlaunin.

TJARNARBIÓ

Íslensku Vefverðlaunin 4

Nýtt íslenskt leikverk 5 | 6 | 10

Súldarsker eftir Sölu Guðmundsdóttur

ÞRÉSTA UTMÁL: 12

KK TÓNLEIKAR - sagnar á tjarnarbio.is

NYTT Leikhúsbakkar fyrir sýningar

KAFFHÉIÐ MAJÓNES ÖPÍÐ ALLA DAGA VIKUNNA

Viðsala er opin vika daga frá kl. 13-23 Sími: 527 2100 www.tjarnarbio.is

Bíóklassík í Háskólabíói

Háskóli Íslands og Háskólabíói efna til endursýninga á völdum myndum úr safni kvikmyndahússins á mánudagskvöldum næstu vikunnar. Tilfnið er aldarafræmi HÍ og 50 ára afmæli bíósins.

Um þverskurð er að ræða af þeim myndum sem notið hafa vinsælda í gegnum tíðina og eru minnisstæðar af ólíkum ástæðum. Hver mynd verður aðeins sýnd einu sinni. Fyrsta sýningin verður 7. febrúar og verður riðið á vaðið með hinni frægu rökkurmynd Romans Polanski, Chinatown. Miðaverð verður á sérstökum afmælskjörum, 300 krónur.

Meðal annarra mynda sem sýndar verða í mánudagsbíói má nefna Litaseríu Krzysztofs Kieslowski, Psycho, Fanny og Alexander, Top Gun, Cinema Paradiso og Fargo. Nánari upplýsingar má finna á hi.is/manudagsbio.



ÚR SVANASÖNG Áhugafólk um klassíska tónlist og nútímadans ætti að fá eitthvað fyrir sinn snúð í uppfærslunni. Ágúst Ólafsson barítónsöngvari og Gerrit Schuil píanóleikari sjá um tónlistina en Lára Stefánsdóttir dansar.

Svanasöngur í Óperunni

Ljóðaflokkurinn Svanasöngur eftir Franz Schubert verður fluttur í nýstárlegri útgáfu í Íslensku óperunni í kvöld, þar sem dans og tónlist fléttast saman.

Bandaríski danshöfundurinn Kenneth Oberly er höfundur sviðsetningarinnar og leiðir þar saman tónlistarmenn og dansara. Tónlistin er flutt af þeim Ágústi Ólafssyni barítónsöngvara og Gerrit Schuil píanóleikara en Lára Stefánsdóttir dansar í verkinu.

„Þessi bálkur býður mjög upp á svona útfærslu,“ segir Lára. „Þetta eru ljóðrænar og myndrænar söngvar sem fjalla allir um sterka þrá, í þessu tilfelli þrá eftir konu. Hreyfing og dans lýsa svo

miklu án orða og dýpka því söngtextana enn frekar. Oberly var mjög vel undirbúinn þegar hann kynnti hugmyndina fyrir okkur, hafði greint tilfinninguna í hverjum söng fyrir sig og var með mjög skýra sýn á verkið.“

Lára segir að helsta þrautin hafi verið að finna rétta jafnvægið milli dans og söngs í verkinu.

„Það er mikil og viðkvæm jafnvægislist. Ágúst er hins vegar mjög hreyfanlegur söngvari, ef svo má að orði komast, og tekur virkan þátt í hreyfingum verksins. Það byrjar sem draumsýn; konan í verkinu er draumvera sem hann nær ekki að tengjast en þegar á liður verkið verður hún áþreifanlegri.“

Lára hefur unnið með klassíska tónlist í gegnum tíðina en kveðst þó ekki hafa þekkt mikið til söngva-

bálksins þegar hún hóf æfingar. „Oberly er hins vegar mikill aðdáandi Schuberts og Ágúst og Gerrit sungu Svanasöng á Lista hátíð í fyrra og þekktu því verkið í þaula og áttu auðvelt með að miðla því.“

Aðeins ein sýning á verkinu er ráðgerð en Lára býst við að það verði sýnt oftar ef eftirspurn verður eftir því.

„Ég vona svo sannarlega að það verði sýnt oftar, enda liggur mikil vinna að baki. Það væri líka gaman að fara með hana út á land; þetta er ekta farandsýning, bara þrjár flytjendur, engin sviðsmynd, heldur lýsingin sem býr til stemninguna.“

Filippía I. Elísdóttir hennar búninga sýningarinnar en um lýsingu sér Magnús Arnar Sigurðarson. bergsteinn@frettabladid.is

krakkasiðan

krakkar@frettabladid.is

Skoppa og Skrítlá hafa eignast nýjan vin, sem heitir Zúmmi álfastrákur.



Krakkasiðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

Opnar dyr

Myndlist ★★★★★

Erkítýpur

Ingibjörg Jónsdóttir

Það verður þeim að list sem hann leikur

Hildigunnur Birgisdóttir

Listasafn ASÍ. Sýnt til 6. febrúar.

Ingibjörgu Jónsdóttir hefur vakið töluverða athygli síðustu ár með persónulegum og fágúðum textilverkum. Andstætt hefðbundnum vefnaði eru verk hennar þrívíð og þegar nánar er að gáð eiginlega í fjórum víddum, en hugmynd um tímann er nær áþreifanlegur hluti verka hennar. Ingibjörg tekur þátt í uppbroti textilhefðarinnar sem færðist mjög í aukana á síðari hluta síðustu aldar.

Í Arinstofu má sjá verk eftir Ingibjörgu sem eru kunnugleg frá fyrri sýningum, meðal annars veggverk þar sem óljóst glittir í upprúllaða nótnaskrift sem ofin er inn í vefnaðinn. Efnisnotkun er fínleg og tilfinning fyrir einhvers konar pergamenti sterk, tilfinning fyrir strekktri og stífaðri húð sem tengist jafnt líkamanum sem handritahefðinni. Líkami, tími og skrásetning eru undirliggjandi þættir.

Á efri hæð hefur Ingibjörg komið fyrir stórra innsetningu þar sem uppstaðan er gamlar hurðir, að öllum líkindum innfluttar frá Evrópu, undir titlinum Erkítýpur. Orðið merkir almennt séð einhvers konar upprunalegt tákni fyrir persónu, hugmynd eða frumgerð sem allir þekkja. Ríkulega má kafa

í þetta hugtak og ítarlegur texti eftir þau Oddnýju Eir Ævarsdóttir og Jón Proppé fylgir sýningunni. Textinn auðgar sýninguna en þó er vel hægt að njóta innsetningar Ingibjargar án hans. Hér hefur hún tekið víraflækju og tengt allar hurðirnar með vírum, það er eins og hún hafi virkjað þær. Hurðirnar sjó verða tákni fyrir lífshlaup, fyrir siendurtekin próf lífsins þar sem dyr opnast og lokast í sífellu og eitt leiðir til annars. Þær eru hlaðnar innri spennu, augljóst er að eitt skammhlaup gæti sett allt í háloft. Þetta er mögnuð innsetning.

Í Gryfju sýnir Hildigunnur Birgisdóttir fjölda verka undir einum titli; Það verður þeim að leik sem hann leikur. Hildigunnur er ein af okkar yngri og upprennandi listakönnum og spennandi að fylgjast með þróun hennar. Myndmálið er lípurt og leikandi í anda tílsins. Sterklega er vísað til hugmyndafræði síðustu aldar með því að nota tákni úr stærðfræði innan myndmálsins, sviga, samasem- og deilingarmerki og fleira, en póstrúktúralistar síðustu aldar lögðu áherslu á að nálgast mætti myndlist eins og texta; lesa verk. Þetta er hugmynd sem orðið hefur lífseig en hættir við að vera ofnotuð, þar sem öllu mögulegu og ómögulegu er líkt við texta á misfrjóan hátt. En Hildigunnur tekur þessa hugmynd alla leið og setur sýninguna upp eins og texta sem lesist frá vinstri til hægri í rýminu. Smáhlutir skapa eigin heim innan sýningarinnar og hún sýnir næmi og hugmyndaauði í vinnuferli og



framsetningu. Listamenn eins og Margrét Blöndal, Anna Lindal og Guðný Rósa Ingimarsdóttir koma upp í hugann.

Sýningarnar tvær vinna vel saman í safninu og auðga hvor aðra, hjá myndlistarmönnum um báðum er að finna ríkulegan og frjóan jarðveg og verk þeirra einkennast af fágún og vandaðri framsetningu. Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Ingibjörg og Hildigunnur eru tvímælalaust í hópi áhugaverðari myndlistarmanna hérlendis í samtímanum. Sýningar þeirra eru frjóar og auðgar af smáatriðum sem ekki er hægt annað en njóta. Innsetning Ingibjargar í Ásmundarsal á efri hæð er mögnuð upplifun.

★★★★★

„Critics choice“ Time Out, London

„Þessi leiksýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“ I.p., Mbl.

FAUST

AUKASÝNINGAR Á ÍSLANDI VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX AÐEINS Í FEBRÚAR!

VesturPort | Borgarleikhúsið

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is